

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 11 – 2024

Staður: Teams og Hvanneyri

Tími: þriðjudagur 17. desember 2024 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson, Haukur Þórðarson, Jóhanna Gísladóttir, Þórunn Jónsdóttir, Birgir Þór Haraldsson og Ingiberg Daði Kjartansson.

Theodóra Ragnarsdóttir sat fundinn undir lið 5.

1. Skipurit og reglur

Farið var yfir tillögu að nýjum reglum Lbhí og umsögn háskólafundar dags. 10. desember sl. Ein breyting var gerð sem snýr að tilnefningu varadeildarforseta og varakennsluforseta. Breyting á skipuriti og reglum Lbhí samþykktar samhljóða.

2. Málstefna Lbhí uppfærð

Farið yfir tillögu að breytingum á málstefnu Lbhí. Athugasemdir hafa borist frá starfsmanni um að taka til greina stefnu UNIGreen háskóla, notkun AI og þýðingarforrita. Ákveðið að fresta afgreiðslu til næsta fundar.

3. Starfsreglur stefnu- og gæðaráðs

Starfsreglur stefnu- og gæðaráðs yfirfarnar og samþykktar samhljóða.

4. Búrekstur – yfirfærsla Hvanneyrarbús

Rektor fór yfir stöðu yfirfærslu Hestbúsins til Hvanneyrarbúsins. Búið er að yfirfara samþykktir félagsins og þjónustusamning þess við Lbhí. Stjórnarmeðlimum verður fjölgað úr þremur í fimm. Fjármeistari hefur tekið til starfa og unnið er að ráðningu aðstoðarmanns.

5. Fjármál

Rekstrarstjóri mætti á fundinn undir þessum lið og fór yfir stöðu fjármála. Reksturinn er í góðu jafnvægi og rannsóknastarfsemi hefur aukist jafnt og þétt með hærri sértekjum. Rekstrarstjóra þakkað fyrir góða fjármálastjórn.

6. Til upplýsingar

- a. Samstarfssjóður háskólanna. Úthlutun fór fram í gær. Alls var úthlutað tæpum 900 milljónum til 19 verkefna. Við tókum þátt í fimm verkefnum og þar af leiðum við tvö þeirra, annars vegar um alþjóðlegt dýralæknánám og hins vegar um

hátæknilandbúnað. Önnur verkefni eru hamfarafræðinám, framhaldsnám og rannsóknainnviðir í lífvísindum, og nám í lagareldi. Þá eru tvö verkefni sem HÍ stýrir sem væri áhugavert fyrir Lbhí að taka þátt í en það eru Háskólaskrifstofa í Brussel og Norðurslóðarannsóknir á Íslandi. Rektor mun ræða málin við rektor HÍ.

- b. Gæðaúttekt í byrjun desember kom vel út. Skýrslu sem skilað var til Gæðamats háskóla fylgir með fundargögnum og verður birt á vefsíðu skólans.
- c. Jarðræktarmiðstöð. Reglulegir fundir með FSRE og málið þokast áfram.
- d. Endurbætur húsnæðis. Ýmis vinna í gangi, sérlega í Ásgarði, Skólastjórahúsi og Gamla skóla. Sífelld forgangsröðun verkefna þar sem margt þyrfti að lagfæra, t.d. hefur verið bent á bága aðstöðu Gamla-Búts og leka í Landbúnaðarsafni og mögulega þarf að ráðast í lagfæringar á þaki í Keldnaholti. Gott samstarf við FSRE varðandi þessi mál.

7. Fundardagskrá 2025 og jólakveðja

Ákveðið var að halda fundi áfram á þriðjudögum á vormánuðum, en byrja fundi kl. 13:15.

Háskólaráði er þakkað fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða.

RIP